

Fundargerð 345. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: miðvikudagur 9. júlí 2026
Fundartími: 17:00-18:30
Fundarmenn: Árni Eiríksson
Hulda Kristjánsdóttir
Walter Fannar Kristjánsson
Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir
Almar Sigurðsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 328, dags. 24.06.2026

- a) **Ölvisholt 4 L207867, Ölvisholt 4A L229601 og Ölvisholt 3 L224354;
Ferðapjónusta, íbúðarhús, smáhýsi, smádýragarður, verslun og þjónusta;
Aðalskipulagsbreyting – 2508069**

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin tekur til lands Ölvisholt 4 L207867, Ölvisholt 4A L229601 og Ölvisholt 3 L224354 vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir Ölvisholt 3, 4 & 4A. Í tillögunni felst að landnotkun á hluta Ölvisholts 4 breytist í íbúðasvæði ÍB17, í gildandi aðalskipulagi er það skilgreint sem ræktað land, 2,37 ha að flatarmáli og við norðvesturjaðar þess er ein skilgreind íbúðarlóð, Ölvisholt 2, 1.946 m² að flatarmáli. Gert er ráð fyrir fjórum nýjum íbúðalóðum, um 4.400 til 6.400 m² að flatarmáli. Syðri hluti svæðis sem skilgreindur er sem frístundabyggð F12, óbyggt, Ölvisholt 3, L 3,5 ha, breytist í svæði fyrir verslun og þjónustu, sem verður stækkun á svæði VÞ19 og verður um 4,5 ha. VÞ19, verslun og þjónusta. Veitingasala, gistirými og afþreying fyrir ferðamenn, auk 28 smáhýsa. Stærð svæðis um 6,7 ha. Um er að ræða deiliskipulag lóða fyrir 4 íbúðarhús og 28 smáhýsi fyrir ferðapjónustu, fyrir allt að 4 gesti hvert. Fyrrverandi bruggúsi hefur verið breytt fyrir veitingasölu og gistirými og í tengslum við það er gert ráð fyrir leiksvæði fyrir börn með smádýragarði. Að auki verður hestagerði fyrir gestkomandi reiðmenn.

Skipulagsnefnd mælist til þess að erindinu verði synjað. Íbúðalóðirnar eru ekki í samræmi við aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029, lóðirnar eru að mati nefndarinnar of litlar.

Sveitarstjórn Flóahrepps synjar ofangreindu erindi í núverandi mynd þar sem íbúðarlóðir eru ekki í samræmi við aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029. Í framlagðri aðalskipulagsbreytingu er gert ráð fyrir fjórum nýjum íbúðalóðum sem eru um 4.400 til 6.400 fermetrar að flatarmáli en skilmálar gildandi aðalskipulags gera ráð fyrir að lóðastærðir skuli vera um 1 hektari að stærð.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- b) **Langholt 2 L166249; Skilgreining svæðis; Deiliskipulag – 2601071**

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til 18,53 ha spildu í landi Langholts 2 L166249, í Flóahreppi. Tilefnið er að landeigandi ætlar að skipta sex lóðum frá

jörðinni þar sem hægt verði að eiga heimili og njóta þess sem náttúran og umhverfið býður upp á í nálægð við Hvítá og Selfoss.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja deiliskipulagið til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir ofangreint deiliskipulag, sem tekur til 18,53 ha spildu úr landi Langholts 2 L166249, til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn bendir á að bregðast þarf við eftirfarandi áður en deiliskipulag fer í kynningu og í umsagnarferli:

- Villa er í kafla 1 í greinargerð með deiliskipulagi. Þar er vísað í aðalskipulag Rangárbings ytra í stað aðalskipulags Flóahrepps.
- Í kafla 2 er tekið fram að lóðarstærðir undir stök mannvirki skuli taka mið af umfangi mannvirkis og starfsemi en skuli að jafnaði vera undir 1,0 ha. Ekki er kveðið á um að lóðarstærðir skuli að jafnaði vera undir 1,0 ha í aðalskipulagi Flóahrepps.
- Sveitarstjórn fer fram á að undir liðnum „veitur“ í kafla 5 verði tekið fram að aðgengi vegna viðhalds og reksturs vatnsveitulagna á vegum Vatnsveitu Flóahrepps skuli vera ótakmarkað.

Í sama kafla bendir sveitarstjórn á að æskilegt væri að senda stjórn Hitaveitu Hraungerðishrepps greinargerð deiliskipulags til kynningar þar sem vísað er í að heitt vatn komi frá borholum í landi Oddgeirshóla 1 og 3.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Fundargerð skipulagsnefndar nr. 329, dags. 08.07.2026

a) Skálmholtsland L219650; Klausenland C; Nýtt heiti lóðar – 2606075

Lögð er fram umsókn um breytt heiti vegna Skálmholtslands C, L219650. Óskað er eftir því að nýtt heiti verði Klausenland C.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málinu verði synjað þar sem nýtt staðfang uppfyllir ekki skilyrði reglugerðar nr. 577/2017 um skráningu staðfanga.

Sveitarstjórn Flóahrepps synjar framlagðri umsókn um breytt heiti vegna Skálmholtslands C, L219650 þar sem nýtt staðfang uppfyllir ekki skilyrði reglugerðar nr. 577/2017 um skráningu staðfanga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Langholt 1 L166247; 3 Landbúnaðarlóðir; Deiliskipulag – 2510083

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags, eftir auglýsingu, sem tekur til Langholts 1 L166247 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar eru þrjár nýjar lóðir sem teknar eru úr landi Langholts. Gert er ráð fyrir einum byggingarreit innan hverrar lóðar þar sem heimilt er að byggja íbúðarhúsnæði, bílageymslu, gesthús, skemmu og gróðurhús. Umsagnir og athugasemdir bárust við kynningu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Lögð er fram uppfærð tillaga að deiliskipulagi Langholts 1 ásamt endurskoðuðum skipulagsgögnum unnum til að bregðast við athugasemdum Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar (HMS), dags. 5. júní 2026.

Leiðréttur hefur verið formgalli og gerðar hafa verið breytingar á skipulagsgögnum vegna skörunar við aðliggjandi deiliskipulög. Jafnframt hefur verið brugðist við

athugasemdum skipulagsstofnunar og gerð grein fyrir samræmi við aðalskipulag og stefnu um landbúnaðarland, fjarlægðir byggingarreita frá vegum sýndar með skýrum hætti og aðkoma að lóðum tryggð með viðeigandi kvöðum og/eða breytingum á skipulagsgögnum.

Skipulagsnefnd UTU fór yfir framkomnar athugasemdir HMS samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og telur að með framangreindum breytingum hafi verið brugðist við þeim með fullnægjandi hætti.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki deiliskipulagið skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að annast birtingu auglýsingar um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir uppfært deiliskipulag sem tekur til Langholts 1 L166247 skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt endurskoðuðum skipulagsgögnum vegna málsins. Leiðréttur hefur verið formgalli og gerðar hafa verið breytingar á skipulagsgögnum vegna skörunar við aðliggjandi deiliskipulög. Jafnframt hefur verið brugðist við athugasemdum skipulagsstofnunar og gerð grein fyrir samræmi við aðalskipulag og stefnu um landbúnaðarland, fjarlægðir byggingarreita frá vegum sýndar með skýrum hætti og aðkoma að lóðum tryggð með viðeigandi kvöðum og/eða breytingum á skipulagsgögnum.

Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að annast birtingu auglýsingar um gildistöku framangreinds deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa UTU bs. nr. 254, dags. 18.06.2026, nr. 255, dags. 24.06.2026 og nr. 256, dags. 01.07.2026

Lagðar fram til kynningar.

3. Erindi til sveitarstjórnar – Varðar Vatnsholt 2, ferðapjónusta. Deiliskipulag bæjartorfu

Fyrir liggur erindi frá Erling Péturssyni og Aðalheiði Sveinbjörnsdóttur. Í erindinu er bent á að tjaldsvæðið í Vatnsholti 2 sé ekki rekið á því svæði sem samþykkt deiliskipulag frá 21.03.2023 kveður á um. Einnig er bent á að landeigendur í Vatnsholti 2 hafi ekki fylgt þeim tilmælum sem sveitarstjórn beindi til þeirra varðandi umferð um nýjan aðkomuveg og að girða af svæði og loka fyrir hringakstur. Að lokum er spurt út í starfsleyfi tjaldsvæðis í Vatnsholti 2.

Almar Sigurðsson fulltrúi T-lista tók til máls og óskaði eftir að fá að leggja fram tillögu. Árni Eiríksson óskaði eftir stuttu fundarhléi kl. 17:35

Sveitarstjórn Flóahrepps ítrekar fyrri bókun sína frá 283. fundi sveitarstjórnar um að öll umferð vegna verslunar- og þjónustu í Vatnsholti 2 verði beint um nýjan aðkomuveg að svæðinu svo sem með því að girða af svæðið og loka fyrir hringakstur. Einnig beinir sveitarstjórn þeim tilmælum til landeigenda og rekstraraðila í Vatnsholti 2 að þeir takmarki ónæði af völdum gesta á aðliggjandi landeignir eins og kostur er.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands annast útgáfu starfsleyfis og eftirfylgni með starfsleyfum.

Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, ásamt sveitarstjóra, að vinna málið áfram m.t.t. skipulags og starfsleyfis vegna reksturs tjaldsvæðis í Vatnsholti 2.

Tryggt verði að rekstur tjaldsvæðis og gilt starfsleyfi verði í samræmi við samþykkt deiliskipulag og þær kröfur sem sveitarstjórn setti við samþykkt deiliskipulags í mars 2023.

Samþykkt með 4 atkvæðum. Almar Sigurðsson greiðir atkvæði gegn ofangreindri bókun.

Almar Sigurðsson leggur fram eftirfarandi bókun:

Í ljósi þess að ekki hefur verið farið eftir gildandi deiliskipulagi og ekki er gilt starfsleyfi fyrir tjaldsvæði í Vatnsholti leggur Almar Sigurðsson, fulltrúi T-listans, til að sveitarstjóra verði falið að hafa samband við lögreglu og óska eftir því að rekstur tjaldsvæðis í Vatnsholti verði stöðvaður.

Samþykkt með 1 atkvæði. Árni Eiríksson, Hulda Kristjánsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir greiða atkvæði gegn ofangreindri bókun.

4. Fýsileikakönnun um samþættan sérakstur og almenningssamgöngur í Árnessýslu

Lögð fram skýrsla um fýsileika samþættingar almenningssamgangna og séraksturs í Árnessýslu sem unnin var af Háskólafélagi Suðurlands og SASS. Skýrslan byggir á íbúakönnun sem lögð var fyrir vorið 2026 auk greiningar á núverandi leiðakerfi almenningssamgangna á svæðinu.

Helstu niðurstöður sýna að íbúar Árnessýslu eru mjög háðir notkun einkabíla en niðurstöður sýna jafnframt að verulegur áhugi er á aukinni notkun almenningssamgangna ef tímasetningar, tengingar og aðgengi verða betur sniðin að þörfum íbúa.

Í könnuninni var sérkaflí sem íbúa Flóahrepps svöruðu. Niðurstöður sýna að 60,4% svarenda í Flóahreppi myndu nýta frístundaakstur fyrir börn og ungmenni. Mesta þörfin fyrir akstur er strax eftir skóla, á tímabilinu 14:00-16:00. Jafnframt kemur fram að sveitarfélagið er utan hefðbundins leiðakerfis Strætó og að íbúar kalla eftir betri tengingu við Selfoss.

Í skýrslunni er lagt til að ráðist verði í tilraunaverkefni til 3-6 mánaða þar sem almenningssamgöngur, skólaakstur, frístundaakstur og annar sérakstur verði samþættur.

Sveitarstjórn Flóahrepps styður áframhaldandi vinnu við að skoða bætтар almenningssamgöngur og samþættan akstur fyrir íbúa Árnessýslu. Þar sem niðurstöður úr sérkafla könnunarinnar sýna að meirihluta svarenda myndu nýta frístundaakstur á tímabilinu 14:00-16:00 ef hann væri í boði telur sveitarstjórn brýnt að möguleiki á slíkrri þjónustu verði skoðaður frekar innan sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu í samráði við lýðheilsu- og menningarnefnd.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Erindi til sveitarstjórnar – Ósk um breytingu á aðalskipulagi í Vorsabæ

Lagt fram erindi frá Önnu Margréti Ólafsdóttur Briem þar sem óskað er eftir aðalskipulagsbreytingu í Vorsabæ. Óskað er eftir því að settar verði inn heimildir fyrir verslun og þjónustu innan landeignarinnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa ofangreindu erindi til endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps sem nú stendur yfir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Viðauki I við fjárhagsáætlun 2026

Lagður fram viðauki I við fjárhags- og fjárfestingaáætlun 2026.

Í viðauka við fjárhagsáætlun er gerð tilfærsla á launalið vegna ráðningar starfsmanns á fasteignasvið sveitarfélagsins frá 1. ágúst 2026. Gert er ráð fyrir lækkun á launalið í deild 042101 (Flóaskóli) og hækkun á launalið í deild 3181 (Umsjónarmaður fasteigna). Einnig er gerð breyting á deild 2115 (Alþingiskosningar) þar sem upphæð í áætlun er færð yfir á deild 2111 (Sveitarstjórnarkosningar). Breyting á áætlun 2026 er lækkun upp á 1,1 milljón.

Í viðauka við fjárfestingaáætlun eru verkefni í vatnsveitu færð á milli ára skv. fyrri ákvörðun sveitarstjórnar. Endurnýjun á vatnsstofni við Hamarsveg er færð af árinu 2027 yfir á núverandi ár og endurnýjun á vatnsstofni frá Gaulverjabæ að Villingaholtsvegi er færð af árinu 2026 yfir á árið 2027. Viðauki gerir einnig ráð fyrir lagningu hitaveitu í 1. áfanga íbúðabyggðar við

Þingborg samkvæmt fyrri ákvörðun sveitarstjórnar. Áhrif viðaukans á fjárfestingaáætlun 2026 er hækkun á fjárfestingu upp á 63,6 milljónir.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðan viðauka I við fjárhags- og fjárfestingaáætlun 2026. Hækkun á fjárfestingaáætlun verður mætt með lækkun á eigin fé.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Niðurstöður íbúakönnunar um sameiningarmál

Lagðar fram niðurstöður íbúakönnunar um sameiningarmál sem lögð var fyrir samhliða sveitarstjórnarkosningum 16. maí s.l. Alls bárust 449 svör, þar af 432 gild og 17 auð eða ógild. Niðurstöður sýna að 71,3% svarenda vilja ekki sameiningu Flóahrepps við annað sveitarfélag/sveitarfélög en 28,7% voru því fylgjandi. Í könnuninni höfðu svarendur einnig möguleika á að svara hvaða sveitarfélögum eða svæði þeir vildu helst snúa sér til varðandi sameiningu ef til sameiningar kæmi og sýna niðurstöður að flestir svarendur myndu velja sameiningu við Skeiða- og Gnúpverjahrepp ef til skoðunar væri að sameina sveitarfélagið.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar íbúum sveitarfélagsins fyrir góða þátttöku í íbúakönnun um sameiningarmál. Niðurstöðurnar sýna skýrt að meirihluti íbúa Flóahrepps vill ekki fara í sameiningarviðræður að svo stöddu og vilja íbúar að Flóahreppur verði áfram sjálfstætt sveitarfélag. Niðurstöðurnar gefa sveitarstjórn mikilvæga og gagnlega innsýn í viðhorf íbúa og gefa skýra mynd af þeim sveitarfélögum sem helst kæmu til greina ef slíkar umræður yrðu teknar upp síðar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Tilnefning fulltrúa á fundi afréttarmálafélags Flóa og Skeiða

Á 343. fundi sveitarstjórnar var samþykkt að fresta því að tilnefna fulltrúa á fundi afréttarmálafélags Flóa og Skeiða.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að tilnefna eftirfarandi aðila sem fulltrúa á fundi afréttarmálafélags Flóa og Skeiða með atkvæðarétt á aðalfundum:

Aðalmenn:

Jón Gunnþór Þorsteinsson
Þorsteinn Logi Einarsson
Walter Fannar Kristjánsson
Ágúst Hjálmarsson

Varamenn:

Einar Magnússon
Reynir Þór Jónsson
Harpa Magnúsdóttir
Brynjar Þór Þormóðsson

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Samþykktir fyrir Héraðsnefnd Árnesinga – Seinni umræða

Lagðar fram til síðari umræðu breytingar á samþykktum Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir breytingu á samþykktum Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Fundargerðir

- Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 344, dags. 16.06.2026
- Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 2, dags. 24.06.2026
- Aukaaðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. ásamt tillögu að breytingum á stofnsamningi byggðasamlags og uppfærðum starfsreglum stjórnar

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. ásamt tillögum að starfsreglum stjórnar og breytingum á stofnsamningi byggðasamlagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir þær breytingar sem lagðar eru fram og vísar þeim til síðari umræðu sveitarstjórnar.

Fundargerð aukaaðalfundar ásamt tillögum að starfsreglum stjórnar lögð fram til kynningar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Stjórnar Bergrisans bs. nr. 94, dags. 15.06.2026**

11. Efni til kynningar

a) **Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Vegna samkomulags við ríkið varðandi börn með fjölþættan vanda**

Sveitarstjórn Flóahrepps lýsir yfir þungum áhyggjum af nýrri reglugerð mennta- og barnamálaráðuneytisins sem gengur gegn samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025 um ábyrgð á þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Með reglugerðinni hefur ríkið einhliða þrengt skilgreiningu á hópnum sem skilur þannig eftir ábyrgð og kostnað hjá sveitarfélögum sem á grundvelli samkomulagsins á heima hjá ríkinu. Sveitarstjórn Flóahrepps telur breytinguna með öllu óásættanlega, án fullnægjandi faglegra raka og fela í sér alvarlegan trúnaðarbrest af hálfu ríkisins gagnvart sveitarfélögum landsins. Sveitarstjórn Flóahrepps skorar á mennta- og barnamálaráðuneytið að afturkalla reglugerðina og taka þá ábyrgð og skuldbindingu sem samið var um.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) **Frá Landssambandi eldri borgara – Erindi til nýkjörinna sveitarstjórna landsins**
Lagt fram til kynningar en skipan í Öldungaráð í Flóahreppi fór fram á 343. fundi sveitarstjórnar.

c) **Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Framboðsfrestur til formanns Sambandsins**

d) **Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga 2025**

e) **Ársskýrsla Fræðslunetsins 2025**

f) **Næsti fundur sveitarstjórnar**

Sveitarstjórn samþykkir að fella niður hefðbundinn fund sveitarstjórnar þann 4. ágúst.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 18. ágúst kl. 17:00

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Almar Sigurðsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir (sign)